

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Í (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2006

Tilvísun: UST20060400025/bs

Snjóflóðavarnir í Vesturbyggð, Búðargil á Bíldudal. Umsögn um matsskyldu

Vísað er til bréf Skipulagsstofnunar dags. 5. apríl sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað snjóflóðavörn felst í gerð rennu sem beina á snjóflóðum til austurs í aurkeilunni neðan Búðargils. Suðurhlið rennunnar afmarkast af leiðigarði frá götunni Lönguhlíð að Búðargili, en nyrðri mörk rennunnar eru skeringabrúnir.


Fyrirhugað framkvæmdasvæði var að hluta nýtt sem náma vegna gerðar landfyllingar í Bíldudalsvogi árið 2004. Áætluð efnisþörf vegna byggingar leiðigarðs er talin vera um 75.000 m³. Talið er að það magn muni falla til við gerð rennunnar.

Sem mótvægisáðgerð gegn neikvæðum sjónrænum áhrifum er ráðgert að ráðast í umfangsmikla landmótun til að fella leiðigarðinn sem best að óröskuðu svæði sunnan garðsins. Einnig er ráðgert að ráðast í trjárækt við fyrirhugaðan leiðigarð.

Framkvæmdasvæðið er hvorki friðlýst né á náttúruminjaskrá. Við framkvæmdina verður hvorki raskað sérstæðum gróðri né jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreindar framkvæmdir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Sigurrós Friðriksdóttir